

Reykjavík 10. febrúar 2016

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis). Þingskjal 13 – 13. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi ítreka fyrri umsagnir sínar um málefnið og lýsa áfram yfir áhyggjum sínum varðandi ofangreint lagafumvarp. Í því er lagt til að einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis verði aflagt og smásala áfengis verði að ákveðnu marki frjáls.

Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að aukið aðgengi að áfengi leiði til aukinnar neyslu þess. Aukin áfengisneysla er líkleg til að hafa slæm áhrif á líf barna. Má í því sambandi bæði nefna börn sem verða fyrir neikvæðum áhrifum af áfengisneyslu foreldra sinna eða forsjáraðila og einnig börn og ungmenni sem freistast til áfengisdrykkju vegna auðveldara aðgengis. Þeim mikla árangri sem náðst hefur með forvarnarstarfi liðinna ára og birtist í minnkandi áfengisneyslu á meðal unglunga, er stefnt í hættu ef frumvarpið verður að lögum.

Nýlega er fram komið frumvarp á Alþingi til breytinga á hegningarlögum þar sem lagt er til að lögfest verði heildstætt hegningarlagaákvæði sem lýsir heimilisofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum refsivert. Ef frumvarp það sem hér er til umsagnar verður að lögum má ætla að það vinni gegn markmiði hegningarlagafrumvarpsins sem er að vinna að minnkun ofbeldis í samfélaginu, sér í lagi heimilisofbeldi. Reynsla og rannsóknir hafa sýnt að ofbeldi er mun líklegra til að eiga sér stað ef áfengi er neytt.

Börn eiga rétt á vernd og umönnun eins og velferð þeirra krefst og jafnframt rétt á að lifa og þroskast við bestu mögulegu aðstæður. Ísland hefur lögfest barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem meðal annars er kveðið á um þessi og önnur mannréttindi barna og gildir sáttmálinn sem íslensk lög.

Samkvæmt barnasáttmálanum skal það sem barni er fyrir bestu ávallt hafa forgang við ráðstafanir sem varða börn. Þetta þýðir að við allar samfélagslegar ákvarðanir sem teknar eru og varða líf barna verður að hafa sjónarmiðið um það sem barni er fyrir bestu ráðandi.

Því þarf að spyrja hvort það að leyfa áfengissölu með þeim hætti sem frumvarpið kveður á um sé börnum samfélagsins fyrir bestu þegar tillagan er til meðferðar fyrir Alþingi. Því fylgir að spyrja hvort rétt sé að hverfa frá núverandi fyrirkomulagi þar sem allir sem vilja og hafa aldur til geta keypt sér áfengi og aðgengi er gott, þótt stundum þurfi að sýna fyrirhyggju. Einnig væri alvarlegt mál að gefa eftir einkaleyfi ríkisins á áfengissölu og hætta þar með á að glata þeim mikla árangri sem náðst hefur af áfengisforvörnum undangenginna ára.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi skora á þingmenn að segja nei við tillögu þessari um að einkaleyfi ÁTVR á áfengissölu verði aflagt.

Hér má finna tilvísanir í rannsóknir og frekari upplýsingar:

<http://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item24908/Afengi-og-heilsa-landsmanna>

<http://naumattum.is/page/1okt2014>

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri